

Samgönguráðuneytið
Samgöngu- og fjarskiptamál
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík
postur@srn.is



Reykjavík 10. ágúst 2021

Umsögn um frumvarp til laga um Grænbók um samgöngur – stöðumat og valkostir

Í samráðsgátt stjórnvalda birtust 18. júlí 2021, Grænbók um samgöngumál – stöðumat og valkostir.

Grænbók um samgöngumál er hluti af stefnumótunarferli samgönguáætlunar. Samgönguáætlun er unnin á grunni laga um samgönguáætlun, nr. 33/2008. Viðfangsefni grænbókar er stöðumat samgangna sem myndar grunn fyrir vinnslu hvítbókar, stefnuskjals í samgöngum og nýrrar samgönguáætlunar.

Annar grundvöllur stöðumatsins er samtal við landsmenn og hagsmunaaðila en markmið grænbókarinnar er að hvetja til umræðu um stöðumat, viðfangsefni. Mikilvægt er að stöðumatið sé sem réttast enda verður það grunnur að stefnumótun í málaflöknum.

Almennt

Samtökin lýsa ánægju með skýra framsetningu Grænbókar um samgöngur þar sem gerð er grein fyrir sundurliðaðri stöðu og mögulegum áskorunum og tækifærum. Samtökin fagna jafnframt vaxandi áherslu ráðuneytisins á samhæfingu áætlana þegar kemur að samgöngum í lofti, á láði og legi við skipulag og uppbygging innviða ásamt viðhaldi og rekstri þeirra um land allt. Umbætur í samgöngumálum skilar sér beint í aukinni framleiðni og samkeppnishæfni íslenskt atvinnulífs sem þýðir bætt lífsgæði fyrir alla. Heildstæð samþætt stefna í samgöngumálum (byggðamálum) gengnir lykilhlutverki fyrir samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu. Fyrir rekstraraðila í ferðaþjónustu er sameiginleg sýn og samhæfðar áætlanir í raun grundvöllur fyrir farsælli þróun til framtíðar.

Hvað varðar samráð við gerð grænbókar þá sakna samtökin þess að ekki hafið verið haldinn sérstakur samráðsfundur með fulltrúum atvinnulífsins.

Samtökin telja ekki ástæðu til að koma með sérstakar áherslur í því stöðumati sem hér er til umsagnar en vilja koma á framfæri eftirfarandi áskorunum sem mikilvægt er að hafa í huga. Þær helstu eru þessar:

Núllsýn í öryggismálum

Í því skjali sem liggur fyrir er vikið að markmiðum í öryggismálum sem byggjast bæði á að draga úr atvikum í samburði við undangenin ár og viðmiðum nágrannaþjóða. Samtökin gera ekki athugasemdir við þau markmið sem liggja fyrir í Grænbók en að mati samtakanna er mikilvægt í þessu samhengi að æðsta markmið í öryggismálum verði ávallt að vera núllsýn; engin alvarleg umferðaslys og banaslys. Fjárfesting og viðhaldspörf í samgönguinnviðum og hönnun mannvirkja ættu þannig alltaf að taka mið af markmiði um núllsýn.

Almenningssamgöngur og flugtengingar

Mikilvægi flugumferðar á Íslandi og um Ísland er ótvíræð. Hún er ein mikilvægasta forsenda byggðapróunar í landinu. Ísland er víðfeðmt land og langt á milli helstu þéttbýliskjarna.

Samtökin telja afar mikilvægt að allar stefnumarkandi aðgerðir tengdar samgöngum hafi það að markmiði að samhæfa flug- og almenningssamgöngur á landi. Þá er einnig mikilvægt að skoða vel hvaða flugvelli æskilegt er að hafa á forræði hins opinbera og horfa til þess sem virkað hefur vel í öðrum strjálbýlum löndum eða svæðum í því samhengi.

Efling áfangastaða og segla víðsvegar um landið hefur verið eitt af helstu viðfangsefnum í stefnum og áætlunum ferþjónustunnar undanfarinn áratug. Þar hefur áskorunin falist bæði í að auka gestakomur til landsins yfir vetrartímamann og einnig að efla áhuga ferðamanna á að heimsækja dreifðari byggðir landsins. Aðgengi að reglulegu alþjóðaflugi á áfangastaði á landsbyggðinni skapar tækifæri fyrir innanlandsflug og er ein af helstu forsendum þess að framboð ferðþjónustu geti þróast um allt land bæði í tíma og rúmi.

Þolmörk þjóðvega

Í fyrirbyggjandi Grænbók er fjallað um að til mjög langs tíma hafi fjárveitingar til viðhalds vega ekki mætt þörfum. Þar af leiðandi því hefur viðhaldspörf safnast upp og er nú á bilinu 80-85 milljarðar. Þetta hefur áhrif á þolmörk þjóðvegakerfisins um allt land á sama tíma og veittar eru undanþágur á þungatakmörkunum fyrir flutninga.

Skortur á fjárveitingum hefur í för með sér að það takmarkaða viðhald sem ráðist er í dugir skammt fyrir þann þunga sem vegir þurfa að bera og orsakar m.a. blæðingar og hrun úr köntum. Mikilvægt er að væntanleg stefnumörkun geri grein fyrir því hvernig þolmörk vegakerfisins skuli styrkt og hvort ástæða sé til að færa þungaflutninga af vegum í skip eða þylur.

Innviðir orkuskipta

Orkuskipti í samgöngum eru lykilþáttur í að mæta markmiðum Íslands í loftslagsmálum. Stjórnvöld hafa hingað til verið afar jákvæði gagnvart orkuskiptum í samgöngum og boðið upp á ýmsa hvata til að hraða þróuninni. Í fyrirbyggjandi Grænbók kemur fram að lögð sé áhersla á að styðja við orkuskipti í samgöngum. Samhliða orkuskiptum er mikilvægt að væntanlega stefnumörkun í samgöngum geri grein fyrir uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti og hvar aukin þörf er á innviðum fyrir vistvæna orkugjafa.

Áreiðanlegar upplýsingar

Loks vilja Samtökin leggja áherslu á söfnun upplýsinga um ólíka notendur samgöngumannvirkja hér á landi. Greiðar, öruggar, hagkvæmar, umhverfislega sjálfbærar samgöngur er ein helsta samkeppnisstoð íslenskrar ferðaþjónustu. Áskoranir, tækifæri og áhrif nýsamþykkrar samgönguáætlunar geta því verið mikil og víðtæk. Í því samhengi getur framboð eða skortur á gögnum sagt mikið um styrkleika og veikleika viðkomandi áætlunar. Vert er að undirstrika að fyrir liggi upplýsingar um framvindu áætlunarinnar til að hægt sé að fylgjast með gangi verkefna og aðgerða en ekki síður ávinningi þeirra.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Gunnar Valur Sveinsson".

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri